

# Ristur og ristar

## Sýning Gunnsteins Gíslasonar að Kjarvalsstöðum

Gunnsteinn Gíslason er eini myndlistarmaður á landinu sem að staðaldri leggur fyrir sig þá ævagömlu tækni, múrriсту eða sgraffito. Í tengslum við sýningu sína að Kjarvalsstöðum hefur Gunnsteinn gefið út bækling með upplýsingum um múrriсту. Þar segir meðal annars: Uppistaðan...er finmulinn hvítur marmari, kalk og sérstakir steinlitir sem notaðir eru í steypuhræruna. Þannig eru mismunandi lituð múrlög lögð hvert yfir annað, allt eftir því hve margir litir eiga að vera í myndinni. Síðasta lagið er yfirleitt hvítt. Að þessu loknu er vinnuteikning fest á múrinn og framkölluð í blauta steypuna. Myndin er síðan skorin til með beittum hníf og litir og form skafin fram. Þegar allur raki er horfinn úr steypunni má verja hana með blöndu af hreinu bývaxi og paraffinvaxi sem brætt er inn í múrinn."

Þótt sjálfur hafi ég sáralitla þekkingu á innviðum múrriсту þykist ég geta greint á henni ýmsa annmarka fyrir sjálfstæðan myndlistarmann. Sem veggskreyting hlýtur hún að þurfa að taka tillit til umhverfisins að töluverðu leyti, auk þess sem litrófið er takmarkað, a.m.k. ef miðað er við málaralist og grafík.

Þar að auki hlýtur tæknin að hafa óþarflega mikil áhrif á handbragð listamannsins, kannski meiri en í mörgum öðrum greinum myndlistar.

### Miðsvæðis í listinni

Ég á við að listamaður, sem hneigist til hvatlegrar, afstrakt-expressjóniskrar myndgerðar, ætti ekki

### Myndlist

#### Aðalsteinn Ingólfsson

auðvelt með að tjá sig í múrriсту. Listamenn á gagnstæðum væng, nákvæmir raunsæismenn, gætu heldur ekki notað sér ristuna.


Það sem ég er að reyna að segja er að hún er sennilega tilvalin fyrir þá sem eru miðsvæðis í listinni, hafa tileinkað sér hálf-afstrakt myndmál, skýra formgerð og harða teikningu.

Það má telja Gunnsteini til tekna að hann gerir hvort tveggja í senn, að snúa þessum formrænu „takmörkunum“ múrriстunnar sér í hag með fjölbreyttu formspili og leysa hana úr viðjum veggjarins.

Það gerir hann með því að smíða stálumgjardir utan um steypuna þannig að múrriстан verður eins og hver önnur lágmynd í farangrinum.

### Umgjardir

Umgjardirnar gera Gunnsteini einnig fært að brjóta upp hinn hefðbundna, ferhyrnda myndflöt og teygja óreglulega lagaða múrriстuna í allar áttir. Þar með er umgjörðin



Gunnsteinn Gíslason við uppsetningu á sýningu sinni.


orðin hluti af myndbyggingu hvers verks og Gunnsteinn eykur hlut hennar enn frekar með því að búa til úr umgjörðunum sérstakar einingar, til að mynda ristar, sem ríma við og styðja við múrriстuna.

Með þessum aðferðum er Gunnsteinn á góðri leið með að lýsa yfir fullveldi múrriстunnar.

Ég hef grun um að með þessum nýmælum standi listamaðurinn á tímamótum í list sinni. Það verður

fróðlegt að fylgjast með framvinduinni.

Á sýningu Gunnsteins að Kjarvalsstöðum er að finna röskan tug verka, en henni lýkur sunnudaginn 31. maí. -ai



## CHEVROLET MONZA

er framhjóladrifinn og rúmgóður fjölskyldubíll, hannaður af vesturbýsku hugviti og tækni, með mýkt og snerpu Chevroletsins.

Auk þess er hann sérlega styrktur, með hlífðarpönnu, stærri hjólbarða og fjölmargt annað er hentar sérstaklega íslenskum akstursaðstæðum.

Chevrolet Monza er ríkulega búinn aukahlutum, en verðið er þó broslega lágt.



Verð frá kr. 453.000.

Góðir greiðsluskilmálar.

**BILVANGUR SF**

HÖFDABAKKA 9 SÍMI 687300

*Hvillikur munur!*